

## Fundargerð 193. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 8. nóvember 2017  
**Fundartími:** 13:30 – 16:30  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Margrét Jónsdóttur  
Anný Ingimarsdóttir varamaður Svanhvítar Hermannsdóttur  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Rósa Matthíasdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri  
María Bjarnadóttir Eflu verkfræðistofu undir lið 3.

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

#### **Skipulagsmál:**

#### **1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 142, dags. 12.10.2017**

##### **a) Gaulverjaskóli: Umsókn um byggingarleyfi: Skýli – 1709127**

Lögð fram umsókn Big Sky ehf. dags. 21. september um leyfi til að byggja opið skýli sem tengir mhl 01 við mhl 02 á lóðinni Gaulverjabæjarskóli lnr. 165520.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsóknina og mælir með að afgreiðslu málsins verði vísað til byggingarfulltrúa. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga. nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum. Bent er á að gæta þarf samræmis í bókunum varandi heiti eignarinnar sem er Gaulverjaskóli.

##### **b) Kynning á lögum um örnefni og reglugerð um skráningu staðfanga – 1710002**

Lögð fram til kynningar ný samþykkt reglugerð nr. 577/2007 sem skráningu staðfanga. Þá eru jafnframt lögð fram lög um örnefni nr. 22/2015 og leiðbeiningar Örnefnanefndar um nafngiftir býla, sveitarfélaga og náttúruvayrirkæra.

##### **c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 64 – 17010001F**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. október 2017.

#### **2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 143 dags. 27.10.2017**

##### **a) Ölvisholt 207869: Kúlutjöld og þjónustusvæði: Deiliskipulag – 1708024**

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi spildu úr landi Ölvisholts þar sem afmarkað er svæði fyrir kúlutjöld auk tveggja byggingarreita fyrir hreinlætisaðstöðu. Er gert ráð fyrir allt að 6 kúlutjöldum á svæðinu, tveimur allt að 35 fm salernum með sturtu og tveimur 10 fm, auk allt að 35 fm aðstöðuhúss. Meðfylgjandi bréf Umhverfis- og auðlindarráðuneytisins dags. 5. október 2017 um að starfsemin teljist vera tjaldsvæði en ekki gististaður.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita þarf umsagnar Vegagerðarinnar, Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

##### **b) Sandbakki: Umsókn um byggingarleyfi: Frístundahús – 1710039**

Lögð fram umsókn Guðrúnar Jónsdóttur og Alberts Sigurjónssonar móttekin 16. október 2017 um leyfi til að byggja 108,5 fm frístundahús á tveimur hæðum á jörðinni Sandbakki lnr. 166370. Með tölvupósti dags. 26. október er óskað eftir að breyta umsókninni á þann veg að húsið verði íbúðarhús en ekki frístundahús.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsóknina og mælir með að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu. Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**c) Villingaholtsskóli: Umsókn um byggingarleyfi: Farsímamastur 1710022**

Lögð fram umsókn Flóahrepps dags. 12. október 2017 um byggingarleyfi fyrir loftnetssúlu og fjarskiptaskáp í þakrými á Villingaholtsskóla.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsóknina og mælir með að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17 – 65 – 1710003F**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. október 2017.

**3. Langholt 1 land 2A – kynning á gögnum vegna breyttrar tillögu**

María Bjarnadóttir starfsmaður Eflu mætti til fundarins fyrir hönd landeiganda og kynnti upp færð gögn varðandi umsókn um breytingu á landnotkun í Langholti 1 land 2A. Komið hefur verið til móts við athugasemdir vegna upphaflegrar tillögu að einhverju leyti.

Sveitarstjórn ræddi málið og ákvarðanatöku um að leggja fram umsókn með breyttum gögnum vísað til eiganda umrædds lands.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Aðalskipulag Flóahrepps – afgreiðsla sveitarstjórnar**

Lögð fram tillaga að aðalskipulagi Flóahrepps 2016 – 2028. Skipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:50.000 dags. 20. október 2017 og greinargerð dags. 20. október 2017. Er tillagan lögð fram með breytingum til að koma til móts við ábendingar sem fram koma í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 21. september 2017. Tillögunni fylgir heftið; Forsendur og umhverfiskýrsla dags. 20. október 2017 og greinargerð um flokkun landbúnaðarlands dags. 23. febrúar 2017. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að fresta afgreiðslu skipulagsins til næsta fundar.

**5. Nafn á nýtt lögbýli – umsögn sveitarstjórnar**

Lagður fram tölvupóstur frá Sverri Sigurjónssyni f.h. eigenda spildu á úr Hólmaseli þar sem óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar á nafninu Árheimar á nýstofnuðu lögbýli. Einnig lagður fram tölvupóstur skipulagsfulltrúa Uppsveita þar sem kemur fram að ekki er um að ræða samnefni eða aðra annmarka á nafngiftinni.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum nafnið „Árheimar“ á lögbýlið.

**6. Greiningarskýrsla vegna skoðunar á sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu**

**KPMG. Greiningarskýrsla vegna skoðunar á sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu.**

Oddviti kynnti niðurstöður greiningarskýrslu sem KPMG gerði vegna skoðunar á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu. Sveitarstjórn telur að um góða og gagnlega vinnu sé að ræða og í skýrslunni séu fróðlegar upplýsingar sem gætu nýtt í framtíðinni. Sveitarstjórn leggur til að skýrslan verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá Mannviti f.h. sorpsamlaganna á Suðvesturlandi – svæðissáætlun í úrgangsmálum**

Lagt fram erindi frá Mannviti f.h. sorpsamлага á Suðvesturlandi þar sem kynnt er fyrirhuguð endurskoðun á sameiginlegri svæðissáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020 fyrir Suðvesturland. Áætlunin var gerð í samræmi við ákvæði laga nr. 557/2003 um meðhöndlun úrgangs. Einnig er óskað eftir því að sveitarstjórn tilnefni samstarfsaðila sem fulltrúa sveitarfélagsins í samráðsnefnd um úrgangsmál.

Sveitarstjórn tilnefnir Árna Eiríksson oddvita í samráðsnefndina fyrir hönd Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Tillaga að yfirskrift fyrir sveitarfélögin Árborg og Flóahrepp í ferðaþjónustumálum**

Lagt fram erindi frá Braga Bjarnasyni menningar- og frístundafulltrúa Árborgar f.h. samstarfshóps Árborgar og Flóahrepps, helstu punktar úr stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Árborg og Flóahrepp og fundargerð starfshóps Árborgar og Flóahrepps um ferðaþjónustu frá 16. október 2017. Gerð er tillaga að sameiginlegri yfirskrift sveitarfélaganna í markaðs- og kynningarmálum Árborgar og Flóahrepps í ferðaþjónustumálum með það að markmiði að einfalda og auðvelda kynningu svæðisins fyrir erlendum ferðamönnum. Óskað er eftir því við

sveitarstjórn að hún taki afstöðu til þess hvort nota megi yfirskriftina „Selfoss area – stay closer to nature“ sem yfirskrift fyrir svæði sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með 5 atkvæðum.

**9. Samningur við Markaðsstofu Suðurlands – ósk um framlengingu**

Lagt fram erindi frá Dagný H. Jóhannsdóttur f.h. Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi Flóahrepps við Markaðsstofu Suðurlands. Gert er ráð fyrir óbreyttum forsendum við útreikning á framlagi Flóahrepps. þ.e. 430 kr. pr íbúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að framlengja samninginn um eitt ár.

**10. Frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings - drög að reglum um fjárhagsaðstoð**

Á 24. fundi Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings dags. 24.10.2017 voru lögð fram og samþykkt drög að endurskoðuðum reglum skóla- og velferðarþjónustu Árneshings um fjárhagsaðstoð. Nefndin samþykkti reglurnar og vísaði þeim til afgreiðslu í bæjar og sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til ásamt tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2018.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi reglur um fjárhagsaðstoð og gjaldská með 5 atkvæðum. Bent er á að skoða þarf síðustu setningu 8. greinar í samræmi við lög og úrskurði umboðsmanns alþingis um málefnið.

**11. Reglur um hvatagreiðslur til íþróttalista og tómsundaiðkunar**

Lögð fram tillaga að reglum um hvatagreiðslur í Flóahreppi þar sem greiðslur hafa verið hækkaðar úr 15.000 kr upp í 15.300 kr fyrir hverja önn og hámarksgreiðsla hefur verið hækkuð úr 30.000 kr í 30.600 kr á ári fyrir einstakling.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu með 5 atkvæðum.

**12. Erindi frá Ungmennafélaginu Þjótanda – akstur á íþróttæfingar**

Lagt fram erindi frá Lilju Ómarsdóttur fyrir hönd Ungmennafélagsins Þjótanda þar sem óskað er eftir því að Flóahreppur greiði aksturskostnað barna úr 1.- 3. bekk frá Flóaskóla á íþróttæfingar í Þingborg á árinu 2018. Kostnaður vegna akstursins er áætlaður 240 þús. kr.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

**13. Erindi frá foreldrafélagi Flóaskóla – tómsundaakstur**

Lögð fram fyrirspurn frá Helgu Sigurðardóttur og Ósk Unnarsdóttur fyrir hönd Foreldrafélags Flóaskóla þar sem óskað er eftir upplýsingum um það hvort Flóahreppur áætli að bjóða upp á akstur í tómsundir á Selfossi að loknum skóladegi í Flóaskóla skólaárið 2017 - 2018.

Sveitarstjórn Flóahrepps styrkir íþrótt- og tómsundastarf innan sveitarfélagsins með framlögum en ekki er gert ráð fyrir framlögum til þess að styðja við tómsundastarf utan sveitarfélagsins með öðrum hætti en í gegnum hvatagreiðslurnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**14. Erindi frá Stígamótum – fjárbeiðni vegna ársins 2018**

Lagt fram erindi frá Guðrúnu Jónsdóttur f.h. Stígamóta þar sem farið er fram á fjárframlag til rekstursins. Um helmingur þeirra sem leita til samtakanna eru búsettir utan Reykjavíkur.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum framlag kr. 50.000 til verkefnisins. Bókast á lið nr 0285.4120.

**15. Erindi frá Krabbameinsfélaginu – Bleika slaufan**

Lagt fram erindi frá Höllu Þorvaldsdóttur fyrir hönd Krabbameinsfélagsins þar sem óskað er eftir framlagi til verkefnisins Bleika slaufan.

Samþykktur 5 atkvæðum styrkur kr. 15 þús. kr. Bókast á lið nr.0285.4120

**16. Erindi frá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál**

Lagt fram erindi frá Úrskurðarnefnd um upplýsingarmál þar sem óskað er eftir gögnum frá Flóahreppi vegna kæru sem barst nefndinni vegna synjunar um aðgang að gögnum.

Umbeðin gögn hafa verið send og eru til úrvinnslu hjá nefndinni.

Lagt fram til kynningar.

**17. Tryggingar Flóahrepps**

Óskað var eftir tilboðum í allar tryggingar Flóahrepps með erindi sem sent var á 4 tryggingarfélag. Þrjú tilboð hafa borist.

Lagðar fram upplýsingar um tilboð frá eftirtöldum aðilum: TM, Vís og Sjóvá

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að fara yfir tilboðin og bera saman forsendur tilboðsgjafa og ganga til samninga á forsendum hagstæðasta tilboðs.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**18. Snjómokstur í Flóahreppi**

Samkomulag hefur náðst við lægstsbjóðendur um snjómokstur í Flóahrepp milli Vegagerðarinnar og Flóahrepps annars vegar og verktakanna Strá ehf og Kolsholts ehf um mokstur á hérðasvegum. Einnig hefur náðst samkomulag við og Brynjólf Jóhannsson í Kolshotshelli um mokstur á plönnum sveitarfélagsins .

Sveitarstjóra falið að undirrita samninga við þessa aðila f.h. Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**19. Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2018 -2021 – fyrri umræða**

Lögð fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun fyrir árin 2018 – 2021.

Fjárhagsáætluninni vísað til annarrar umræðu.

**20. Ljósleiðari – staða mála**

Unnin hefur verið umsókn til Fjarskiptasjóðs vegna fyrirhugaðrar lagningar ljósleiðara í Flóahreppi.

Oddviti gerir tillögu um að óska eftir fundi með Guðmundi Daníelssyni þar sem farið verði yfir þau atriði sem mikilvæg eru við undirbúning verkefnisins með sveitarstjórn og sveitarstjóra.

Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna skoðunar á samlegðaráhrifum við uppbyggingu innviða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**21. Fundargerðir:**

**a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 192, dags. 11.10.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 104, dags. 24.10.2017**

Rætt var um bókun fræðslunefndar Flóahrepps, lið 3 a, vegna erindis frá Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla þar sem fjallað er um stöðu leikskóla barna og lengd á dvalartíma barna í leikskólum á Íslandi. Tími barna á leikskóla er sá lengsti sem um getur skv.skýrslu OECE. Efasemdir eru um svo langan starfsdag ungra barna og áhrif svo langrar fjarvistar frá heimili og fjölskyldu á geðtengslamyndun, sem getur leitt til kvíða og einbeitingarskorts.

Fræðslunefnd hvetur sveitarstjórn Flóahrepps til þess að endurskoða lokunartíma

Krakkaborgar með tilliti til styttingar skóladagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir bókun fræðslunefndar og hvetur stjórnvöld og atvinnulíf til þess að huga að velferð barna hvað þetta varðar. Mikilvægt er að foreldrar og stjórnvöld kynni sér niðurstöður skýrslu OECD. Sveitarstjóra falið að kalla eftir álitum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings varðandi þessa umræðu og hugsanlegar breytingar á lokunartíma Krakkaborgar í upphafi skólaársins 2018 - 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**c) Æskulýðs- og tómstundaneftndar nr. 33, dags. 10.10.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn stefnir að fundi með ungmennaráði Flóahrepps

**d) Ungmennaráðs Flóahrepps dags. 10.10.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**e) Ungmennaráðs Flóahrepps - umræðukvöld dags. 19.10.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fram kemur að Ungmennaráð óskar eftir fundi með sveitarstjórn Flóahrepps. Sveitarstjórn stefnir að fundi með ungmennaráðinu við fyrsta tækifæri. Sveitarstjóra falið að finna sameiginlegan fundartíma.

**f) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 12.10.2017**

Afgreiðslu frestað

**g) Stjórnar byggðasamlags um skipulags- og byggingarfulltrúa nr. 46, dags. 27.10.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**h) Nos – aðalfundur, dags. 20.10.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar ásamt ársreikningi ársins 2016 og fjárhagsáætlun fyrir Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings fyrir árið 2018 semn er til samþykktar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning ársins 2016 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

- i) **Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings nr. 24, dags. 24.10.2017**  
Fundargerðin lögð fram til ásamt fjárhagsáætlun ársins 2018.
- j) **Starfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árneshýslu dags. 19.09.2017**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) **Fagráðs Tónlistarskóla Árneshinga nr. 184 dags. 23.10.2017**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 260, dags. 18.10.2017**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 182, dags. 18.10.2017**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) **Stjórnar SASS nr. 524, dags. 04.10..2017**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) **Stjórnar SASS nr. 525, dags. 18.10..2017**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- p) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 853, dags. 27.10.2017**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**22. Efni til kynningar:**

- a) **Minnispunktur fundar vegna skoðunar á lagningu hitaveitu að Bitru og Hnausi**
- b) **Leiðbeiningar og vinnureglur vegna stöðuleyfa**
- c) **Ályktun frá samáðsfundi Félags stjórnenda í leikskólum**
- d) **Niðurstöður öryggisúttektar á vefnum <http://www.floahreppur.is>**
- e) **Frá Þjóðskrá Íslands – Skýrsla um fasteignamat 2018**
- f) **Frá framkvæmdastjóra SAF – vörugjöld bílaleigubíla og skattbyrði bílaleigufyrirtæka**
- g) **Frá Lex – Samantekt um afmörkun á persónuverndarúttekt**
- h) **Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti – Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember**
- i) **Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti – úttekt á Krakkaborg**
- j) **Frá Minjastofnun Íslands – vegna niðurrifs á íbúðarhúsi í Króki í Flóahreppi**
- k) **Frá Skipulags- og byggingarfulltrúa vegna fjarskiptamasturs**
- l) **Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings 2016**
- m) **Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2016**

**23. Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn 13. desember 2017 klukkan 13:30**

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Margrét Jónsdóttur (sign)

Anny Ingimarsdóttir (sign)